

**117. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
18. júní 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi, Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1905413 - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar - málefni

Kynning á gerð brunavarnaráætlunar.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Elísabetu Pálmadóttur verkfræðingi og Þráni Ólafssyni slökkviliðsstjóra fyrir yfirferð á drögum að brunavarnaráætlun slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Slökkviliðsstjóra er falið að vinna málið frekar.

2. 1901204 - Fimleikahús framkvæmdir

Kynning á utanhússklæðningu.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar verkefnastjóra Karli Jóhanni Haagensen kynningu á möguleikum varðandi utanhússklæðningu á Fimleikahúsinu. Verkefnastjóra er falið að vinna málið frekar varðandi útfærslur klæðningarinnar.

3. 1711115 - Reiðskemma á Æðarodda - uppbygging

Fundargerðir varðandi reiðskemmu við Æðarodda lagðar fram.

4. 1905353 - Leikskólalóðir

Minnisblað umhverfisstjóra lagt fram með úrbóta- og kostnaðaráætlun fyrir leikskólalóðir vegna inntöku yngri barna.

Sindri Birgisson umhverfisstjóri lagði fram minnisblað um kostnað við úrbætur á leikskólalóðum vegna inntöku yngri barna. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að minnisblað verði kynnt í skóla- og frístundaráði.

5. 1805150 - Deiliskipulag Æðarodda - breyting vegna reiðskemmu

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Æðarodda var auglýst frá 26. apríl t.o.m. 14. júní skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust.

Skipulagsvæðið nær til hluta lóðar sem hestamannafélagið hefur verið með til afnota. Felst breytingin m.a. í að afmörkuð er lóð fyrir reiðskemmu, norðan aðkomuleiðar að hverfinu, vegi syðst á skipulagssvæðinu er breytt til samræmis við núverandi legu.

Komið hefur ósk um að byggingareitur verði færður frá reiðleið um 2.metra frá auglýstu skipulagi. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir þá breytingu.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt, send Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku

RS

hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

6. 1901203 - Aðalskipulag Skógarhverfi - breyting

Kynningarfundur.

Kynningarfundur/opið hús var haldinn föstudaginn 14.6.2019. Lögð er fram fundargerð vegna athugsemda sem bárust á fundinum.

7. 1904143 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. rað- og parhús

Kynningarfundur var haldinn 9. maí og aftur 14. júní 2019. Skipulaginu var breytt vegna ábendinga sem bárust á fundinum 9. maí 2019.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga vegna lóða við Fagralund og Akralund, lögð fram.

Breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga felst m.a. í að breyta einbýlishúsalóðum við Fagralund 1, 3, 5, 7 og 2, 4, 6 í tvær þriggja íbúða raðhúsalóðir og þrjár parhúsalóðir (12 íbúðir). Fjölbýlishúsalóðir við Akralund 8, 10, 12 og 14 er breytt í tvær fjögurra íbúða raðhúsalóðir (ein til tvær hæðir) og eina parhúsalóð, (ein til tvær hæðir).

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

8. 1811123 - Deiliskipulag Skógarhverfi 3. áfangi -(3A og 3B)

Kynningarfundur.

Kynningarfundur/opið hús var haldinn föstudaginn 14.6.2019. Lögð er fram fundargerð vegna athugsemda sem bárust á fundinum.

9. 1905357 - Deiliskipulag Skógarhverfi 4.áf.

Kynningarfundur.

Kynningarfundur/opið hús var haldinn föstudaginn 14.6.2019. Lögð er fram fundargerð vegna athugsemda sem bárust á fundinum.

10. 1906112 - Deiliskipulag Skógarhverfi 2. áf. - breyting á skipulagsmörkum.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis 2. áfanga sem felst í að fella niður nyrsta hluta svæðissins.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum íbúafundi/opnu húsi. Að kynningu lokinni verði málið tekið fyrir að nýju í Skipulags- og umhverfisráði.

11. 1906111 - Deiliskipulag - Garðalundur breyting

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Garðalundar er felst í því að hluti svæðis er tekin undir íbúðabyggð.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fyrirliggjandi skipulagsgögn verði kynnt á almennum íbúafundi/opnu húsi. Að kynningu lokinni verði málið tekið fyrir að nýju í Skipulags- og umhverfisráði.

12. 1904135 - Skógarhverfi 1. áf. fjölbýlishús - breyting á greinargerð

Kynnt var breyting á greinargerð sem felst í að í kafla 3.2. Öll hús á skipulagssvæðinu eru látin standa við götu og snúa framhlið og aðalinngangi að henni. Verður eftir breytingu: Framhlið og aðalinngangur húss skal hvort heldur sem er snúa að götu eða frá henni. Ennfremur sé tryggt samræmi í hönnun húsa er varðar hliðar er snúa út að götu og sérnotafletir íbúða á jarðhæð. Grein 4.3.1, Almenn Ef byggð verða svokölluð svalagangahús skal þess gætt að svefnherbergi snúi ekki að svalangangi. Verður eftir breytingu: Ef byggð verða

RS

svokölluð svalagangahús skal þess gætt að lágmarka svefnherbergi er snúi að svalagangi. Í slíkum tilvikum skal þess gætt að slíta svalagang frá húsi í samráði við byggingafulltrúa.

Grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 15. maí til og með 14. júní 2019.

Grenndarkynnt var fyrir lóðarhöfum við Asparskóga 6, 8, 10, 12, 14, 16, 18 og Beykiskógum 19. Engar athugasemdir bárust við breytinguna.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.

13. 1906102 - Deiliskipulag Skógahverfi 1. áfangi - Asparskógar 18

Ferrum fasteignir sækja um að breyta staðsetningu á niðurkeyrslu í bílajakjallara þ.e. að ekið verði inn á bílastæði milli Asparskóga 16 og 18. Sjá meðfylgjandi greinargerð.

Breytingar felast í því að breyta staðsetningu á niðurkeyrslu í bílajakjallara þ.e. að ekið verði inn á bílastæði milli Asparskóga 16 og 18, bílastæðum innan lóðar er breytt, ásamt því að innkeyrsla inn á lóð verður einnig frá Viðjuskógum.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að skipulagsbreytingar við Asparskóga 18 verði grenndarkynntar lóðarhöfum við Asparskógar 16, 21 og Viðjuskógum 17, í samræmi við 2.mgr.43.gr, skipulagslaga nr.123/2010.

14. 1906069 - Ofanvatnslausnir

Lilja Filippusdóttir landslagsarkitekt sat fundinn undir þessum lið. Fjóra Jóhannsdóttir fagstjóri fráveitna og Hólmfríður Bjarnadóttir skipulagsfulltrúi hjá Veitum ohf. kynntu blágrænar ofanvatnslausnir.

15. 1905112 - Presthúsabraut 23 - umsókn um byggingarleyfi


Sótt er um að rífa núverandi hús og byggja nýtt hús á lóðinni. Lóðin tilheyrir deiliskipulagi Stofnanareits, ekki er gert ráð fyrir stærra húsi á lóðinni.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að fram fari grenndarkynning á breytingu á deiliskipulagi Stofnanareits þar sem skilgreindur verður byggingareitur fyrir lóðina. Grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. sbr. 2.mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir Presthúsabraut 21, 22, 24, 26, 28, 25 og Ægisbraut 15 og 17.

16. 1906113 - Sigurfari-sjóspportsfélag Akraness - aðstaða.

Skipulags- og umhverfisráð felur Sindra Birgissyni umhverfisstjóra að vinna málið áfram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:30.


 The block contains several handwritten signatures in blue ink. On the left side, from top to bottom, there are signatures for:

- Regnar Scannud
- Gautur Jón Jóhannsdóttir
- Ólafur
- Stefan Þór Stefánsson
- Sigurður Þ. Harðarson

 On the right side, there are three signatures:

- Rafnir Sigurpórsd
- Sindri Birgisson
- Karl Jóhann Haugenzen